

Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 21.03.2022 kl. 9:00-10:00

Fundinn sátu : Haraldur Þór Jónsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason, Jón G. Valgeirsson og Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

1.Staða á vinnu síðustu daga

Haraldur fór yfir þau atriði sem hefur verið unnið í frá síðasta fundi nefndarinnar

Haraldur og Jónína áttu fund með Birki Þór Guðmundsyni hagfræðingi. Hann hefur komið að ýmsum virkjunarmálum svo sem í Skaftárhreppi.

Haraldur og Jónína hittu nokkra alþingismenn og kynntu þeim sín sjónarmið í orkumálum.

Sigurður Snævarr hagfræðingur hefur verið að vinna tölulegum upplýsingum fyrir nefndina.

Haldinn var upplýsingafundur á TEAMS fyrir orkusveitarfélögin 2. mars sl. Ása Valdís , Haraldur og Jónína voru með erindi.

Haraldur átti fund með forstjóra Rarik.

Haraldur mun hitta forstjóra Landsnet

Haraldur og Jónína munu eiga fund með Sigurð Inga Jóhannsson, innviðaráðherra

Fundarmenn voru almennt ánægðir með þessa vinnu og telja hana hafa skilað miklu til að vekja athygli og opnað fyrir umræðu um hagsmunarmál Samtaka orkusveitarfélaga.

2.Skipulag vinnustofu fimmtudaginn 9. mars kl. 9:00-11:00

Ráðgjafafyrirtækið KPMG mun halda utan um vinnustofuna. Henni verður skipt upp í tvo hluta:

Skilgreining á nærsamfélagi orkuvinnslu

Ákjósanlegar leiðir til innheimtu tekna til nærsamfélagsins

Búið er að senda út fundarboð.